

Ótímabært uppgjör

Nýloknum landsfundi Kvinnalistsans mætti lýsa með mörgum ólíkum orðum, s.s. skemmtilegur, erfiður, kraftmikill, afdrifarlikur, málefnalegur, tilfinningaþrunginn.

Ungar og frumlegar tónlistarkonur settu svip á fundinn með kvennapólitískum tónlistarflutningi. Og fjölbreytilegir hæfileikar leystust úr læðingi yfir sameiginlegu borðhaldi að kvöldi. Það var oft gaman hjá okkur þótt annað mætti ætla af fréttum.

Landsfeður á námskeið

Yfirskrift fundarins var „Er vilji fyrir jafnri stöðu kynjanna á Íslandi?“ Efnisrík framsöguverindi og ótúlur starfshópar leiddu til þeirrar niðurstöðu, að eitt helsta viðfangsefni kvennabaráttunnar nú væri að þrýsta á um framkvæmd skjalfestrar stefnu um jafna stöðu kynjanna. Pólitískt viljaleysi væri meginvandinn.

Hugmyndir flugu um breyttar áherslur, um skerpingu laga og eftirfylgni. Ein sú áhuga-verðasta er um uppeldi landsfeðranna að þeirri fyrirmynd sem sænski hagfræðingurinn Agneta Stark sagði frá á opnum fundi í aðdraganda landsfundar.

Innri röðin ræður

Lítið af þessu hefur skilað sér í fréttum af landsfundinum. Það þykir ekki fréttæmt, að kvennalistakonur ræði um kvenfrelsi og jafnrétti. Umræðan um framtíðarvegferð Kvinnalistsans var það sem fékk alla athygli.

Forspilið var raunar á landsfundi fyrir tveimur árum, þegar við reyndum að átta okkur á stöðunni eftir slaka útkomu í síðustu þingkosningum. Allar götur síðan hafa hinar ýmsu leiðir verið til umræðu og sitt sýnst

Kjallarinn



Kristín Halldórsdóttir
þingkona
Kvinnalistsans

hverri. Smám saman hefur þó elst á hópur, sem vill láta á það reyna, hvort hugmyndum Kvinnalistsans yrði borgið í samstarfi við A-flokkana.

Ég hef af einlægni reynt að skoða þann möguleika, reynt að hrifast með þeim straumi, sem knúinn er áfram af trúnni á að samfylkingar til valda. En að lokum er ekki hægt að ofbjóða sinni innri rödd.

Óska góðrar ferðar

Á samráðsfundi kvenna af öllu landinu í ágúst sí. náðist samstaða um að Kvinnalistsinn sem heild tæki ekki þátt í viðræðum við A-flokkana um hugsanlega samfylkingu í næstu alþingiskosningum, en konur hefðu vitanlega fullt frelsi til að kanna hverjar þær leiðir sem þeim sýndist, einar sér eða í hópum. Slíkt er eðli hreyfingar sem okkar. Endan-

legar ákvarðanir um framboðsleið væru síðan í höndum landsfundar. Þessa niðurstöðu hefði landsfundur að öllu eðlilegu staðfest. Það hefði komið í veg fyrir ótímabært uppgjör. Stuðningskonur viðræðna við A-flokkana vildu hins vegar skýrara umboð og knúðu fram atkvæðagreiðslu. Við þá atkvæðagreiðslu sat ég hjá.

listans. Vonandi hefur það ekki tapað gildi sínu. Framtíð Kvinnalistsans er hins vegar enn í mikilli óvissu. Ef til vill ala umbrotin af sér ný sköpunarverk, sem færa okkur feti framar í kvennabaráttnni. Djárfasta tilraun síðari ára til nýsköpunar í íslenskum stjórnmálum hefur náð miklum árangri.

„Skilnaður við hreyfinguna er að minnu mati ótímabær þrátt fyrir ágreining um leiðir. Stefna og hugsjónir Kvinnalistsans eru hinar sömu og áður. Fyrir þá stefnu stend ég svo lengi sem ég get.“

Ég hefði auðvitað að kosið að þetta sérstæða stjórnmálaafli hefði stuðning og styrk til að halda áfram á sinni braut í fyllingu tímans hefði ég svo viljað sjá nýtt afli taka við af Kvinnalistsanum, stjórnmálaafli, sem byggði á hugmyndum okkar, stefnu og vinnubrögðum. Slíkt afli er ekki í augnsýn.

Skilnaður við hreyfinguna er að minnu mati ótímabær þrátt fyrir ágreining um leiðir. Stefna og hugsjónir Kvinnalistsans eru hinar sömu og áður. Fyrir þá stefnu stend ég svo lengi sem ég get.

Kristín Halldórsdóttir



„Forspilið var raunar á landsfundi fyrir tveimur árum....., segir Kristín m.a. í greininni. – Frá landsfundi Kvinnalistsans 1995.